

Ef þú vilt að börnин þín
nái árangri

Haltu þá áfram



að tala

móðurmálið

Að tala móðurmálið heima er mikilvægt fyrir börnin ykkar!

Að þekkja og nota móðurmálið hjálpar börnunum að þroska með sér:



- ✓ öryggi og sterka sjálfsmynnd
- ✓ skilning á uppruna og arfleifð



Með því að kunna og nota móðurmálið gefur aukin tækifæri til samskipta við foreldra, afa, ömmur og aðra ættingja





Börn sem kunna og nota móðurmálið sitt:

- ✓ læra að þekkja trúarlega og menningarlega siði
- ✓ fá aukna víðsýni
- ✓ fá aukin tækifæri til menntunar
- ✓ hafa frekari möguleika á vinnumarkaði

Að tala móðurmálið heima hjálpar
börnunum þínum

að læra íslensku



Að tala
móðurmálið
heima kemur
ekki í veg fyrir að
barnið þitt læri
íslensku

Að læra íslensku

- ✓ þýðir að barnið fær viðbótar tungumál
- ✓ þýðir ekki að móðurmálið muni glatast
- ✓ merkir að barnið lærir ný orð yfir marga hluti sem sem það þegar þekkir og skilur

Tungumálin vinna saman



Þekking barnsins á móðurmálinu mun hjálpa
því að læra íslensku

það sem lærist á einu tungumáli má
auðveldlega yfirfæra á næsta tungumál

Að tala móðurmálið heima eykur líkur á að börnin



nái árangri í skóla

Börn sem kunna og tala móðurmálið

- ✓ gengur betur í könnunum og prófum í skóla
- ✓ hafa ákveðinn grunn fyrir lestur
- ✓ hafa sterkari færni ílestri og ritun
- ✓ gengur betur í stærðfræði, rökhugsun og við lausnaleit
- ✓ eru tilbúnari og með færni til að læra þriðja tungumálið

Foreldrar



- ✓ Hvetjið börnin til að nota móðurmálið heima
- ✓ Notið hvert tækifæri til að tala við börnin á móðurmálinu
- ✓ Að læra fleiri en eitt tungumál ruglar ekki börnin
- ✓ Að blanda saman tungumálum er eðlilegt fyrir þá sem eru tvítyngdir. Það er merki um leikni í tveimur eða fleiri málkerfum en ekki merki um tungumála örðugleika



Það er sjaldgæft að barn hafi jafna færni á báðum tungumálunum og þegar barnið þitt lærir íslensku getur íslenskan orðið ráðandi vegna þess að barnið heyrir og notar meira af íslensku en móðurmáli sínu.



Syngið og lesið bækur á móðurmálinu reglulega
með börnunum ykkar



Skipuleggið samverustundir með fjölskyldum sem tala sama móðurmál

Gerið tungumáli ykkar hátt undir höfði

- ✓ börnin mæta í íslenskutíma og málörvunarstundir
- ✓ foreldrar taka þátt í foreldrasamstarfi og félagsstarfi

þín þátttaka sýnir börnunum að móðurmálið er mikilvægt